

Frumvarp til laga

um

meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje eða hris öðru vísi en svo, að höggvið sje innan úr eða gangar eftir skógnum eða kjarrinu, en ekki má berhöggva neitt svæði. Birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp; ekki má heldur rifa fjalldrapa, heitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng eða mosa.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógræktarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem skógur er eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkvæmt reglum þeim, sem getur um í 2. gr., gefa fyrirskipanir um hvernig skógar eða kjarr skuli höggvið. Eigandi eða nothafi skógar eða kjarrs skal skyldur að fylgja skógræktarstjóra eða skógarverði út í skóginn eða kjarrið, svo þeir geti leiðbeint honum að því er snertir framkvæmd á fyrirskipunum þeim, sem þeir gefa um meðferðina. Eigandi eða nothafi skal og skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu og tæki til þess að höggva á allt að 200 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendum og notendum skóga og kjarrs skal skylt að heimila skógræktarstjóra, skógarvörðum og þeim, sem með þeim fylgjast á eftirlitsferðum þeirra, svo og hreppstjórum og öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, tálmunarlausa umferð um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fje er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 6000 ferhyrningsfaðma stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, gegn endurgjaldi eftir óvilhallra manna mati, ef eigandi eða notandi krefst þess, og skal svæðið þegar girt.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með, hvort framkvæmdar sjeu. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um að beita þá sem minst sauðfje á tímabilinu frá 1. október til 1. júní og ekki geitum á neinum tíma árs. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sjerstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er siðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landsjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skógræktarstjórinn hefur farið fram á það við stjórnarráðið, að gerðar væru með lögum ráðstafanir gegn því, að skógar þeir og kjarr, sem ennþá eru hjer á landi, eyðist ekki fyrir illa meðferð. Hefur hann í því efni tekið það fram, að eitt af því, sem valdi mestri eyðing á skógi og kjarri, sje það, að

fje sje beitt i þeim á vetrum, og hefur enda farið fram á, að sauðbeit i þeim sje bönnuð á tímabilinu frá 1. október til 1. júní. Í öðru lagi hefur hann bent á það, að skógar og kjarr sje víða skemt með því, hvernig höggvið sje, sem víða stafi af vankunnáttu; hins vegar telur hann enga ástæðu til þess, að banna högg i skógum eða kjarri, því ef skynsamlega er höggvið, geri það fremur að bæta skógana en skemma. Ennfremur hefur hann vakið athygli á því, að mjög mikil hætta stafi af því tyrir gróður landsins, ef rífið er lyng eða mosi, og vill hann láta banna það að öllu með lögum.

Stjórnarráðið hefur nú fallist á það, að nauðsynlegt sje að eitthvað sje gert af hálfu löggjafarvaldsins i þá átt, sem skógræktarstjóri hefur farið fram á, enda hafa hin gildandi lög, sem þetta efni snerta, sem sje lögin um samþyktir til að friða skóg og mel frá 13. apríl 1904, ekki komið að tilætludum notum. Stjórnarráðinu hefur þó ekki þótt það tiltækilegt, að banna með lögum, eins og skógræktarstjóri hefur lagt til, alla sauðfjárbreit i skógum og kjarri frá hausti til vors, því slíkt bann mundi rýra svo tilfinnanlega eignarrjett manna, þar sem vetrarþreit i skógum og kjarri eru aðalkostir margra jarða, og bann gegn þreitinni mundi gera sumar jarðir jafnvel lítt byggilegar eins og búskap nú er hagað. Hins vegar virðist mætti með nokkrum árangri gefa ákvæði um högg i skógunum og meðferð þeirra; að öðru leyti, sjerstaklega eftir að skipaðir eru með lögum frá 22. nóvbr. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, skógræktarstjóri og skógarverðir, sem sjerstaklega þekking hafa á þessum málum, enda er það aðaltilgangurinn með ákvæðum lagafrumvarps þessa, að fá þeim vald i hendur, til þess að þeir geti framkvæmt ráðstafanir þessu viðvikjandi, sem ekki geta talist ganga of nærri umráðarjetti eigenda og notenda. Loks hefur það ekki þótt athugavert, að banna með öllu að rífa lyng og mosa; það hefur þrásinnis og úr ýmsum áttum verið kvartað yfir því spelli, sem af rífi þessa gróðurs geti stafað, og það verður ekki sjeð, að þarfir almennings útheimti það, að þessi illa meðferð á landinu sje látin óátalin. Ákvæði frumvarpsins um þetta atriði eru því i fullu samræmi við tillögur skógræktarstjóra. Að því er snertir eftirlitið með, að ákvæðum frumvarpsins verði hlýtt, þá er ætlast til þess, að það hvíli á skógræktarstjóra og skógavörðunum með aðstoð hreppstjóra. Skógræktarstjóra er i því skyni gert að skyldu, að fara um landið til eftirlits, og skógarvörðunum i sínum umdæmum. Stjórnarráðið álitur, að eftirlitinu verði ekki heppilegar fyrirkomir; skógræktarstjóri hefur að visu stungið upp á, að kosnar væru nefndir i hverri sýslu, til þess að hafa eftirlitið og gera aðrar ráðstafanir viðvikjandi skógum og kjarri, en það mundi verða bæði vafningasamt og kostnaðarsamt, enda naumast gera eftirlitið tryggilegra.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. og 2. gr.

Það er ætlast til þess að hinar nánari reglur um það hvernig skógar og kjarr skal höggvið og um aðra meðferð þeirra sjeu settar i reglugjörð, sem stjórnarráðið gefur út eftir tillögum skógræktarstjóra. Slíkar reglur verða að miðast við staðháttu á hinum ýmsu stöðum og skógræktarstjóri og skógarverðir mega ekki hafa allt of bundnar hendur, en verða að haga sjer nokkuð eftir atvikum á hverjum stað. Eftir því sem reynslan vinst getur og orðið

nauðsynlegt að breyta slíkum reglum og anka þær. Það þykir því eðlilegast að leggja þetta undir umboðsstjórnina.

3. gr.

Í þessari grein er eiganda og nothafa skógar og kjarrs gjört að skyldu að kynna sjer framkvæmd þeirra ráðstafana, sem skógræktarstjóri eða skógarverðir fyrirskipa samkvæmt reglugjörð þeirri, sem getur um hjer á undan. Að öðrum kosti er engin trygging fyrir því, að hann geti fylgt fyrirskipunum þeirra þó hann vildi. Með þessu einu móti getur skógræktarstjóri og skógarverðir orðið að verulegum notum að því er snertir fræðslu almennings í meðferð skóga og kjarrs.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða til þess að tryggja framkvæmd eftirlitsins.

Um 5. gr.

Þessi ákvæði eru sett í frumvarpið eftir tillögum skógræktarstjóra, því hann hefur trú á því, að slík tilraunasvæði geti hvatt almenning til þess að fara vel með skógana og hlifa þeim, þegar þeir sjá hvern ávöxt rjett meðferð þeirra gefur.

Um 6. gr.

Eins og að framan getur er ætlast til þess, að hreppstjórar aðstoði skógræktarstjóra og skógarverði í eftirliti þeirra með því, að ákvæðum þeim, sem er farið fram á, sje hlýtt. Það er því nauðsynlegt að þeir kynnist því, sem þeir eiga að hafa eftirlit með. Hins vegar virðist sjálfsagt, að hreppstjórar eigi að fá úr landssjóði þóknun fyrir ferðir þær, sem þeim eru gjörðar hjer að skyldu, og er þóknun þeirra sett jöfn þeirri, sem sýslunefndarmenn fá samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

Um 7. gr.

Það hefur ekki þótt tiltækilegt, eins og á undan greinir, að banna ljárheit í skógum og kjarri að vetrarlagi, en hins vegar er skógræktarstjóra og skógarvörðum í þessari grein gjört að skyldu að hafa sjerstaklegt eftirlit með meðferð skóga og kjarrs að þessu leyti, og láta landsstjórninni í tje skýrslur um athuganir sínar. Gætu slíkar skýrslur gefið tilefni til yfirgrípsmeiri ráðstafana og lagaákvæða síðar um friðun og meðferð skóga og kjarrs.

Um 8. gr.

Um eftirlitsskyldu hreppstjóra er getið hjer á undan. Það hefur þótt rjett að láta senda stjórnarráðinu skýrslur þær, sem hjer getur um, bæði til þess að það geti sem best fylgst með þessum málum og haft eftirlit með framkvæmdum skógræktarstjóra og skógarvarða, og svo af því, að hjer getur oft verið um afsakanleg brot að ræða, sem álitamál getur verið um, hvort leiða eigi til frekari rannsókna.

Um 9. gr.

Sektirnar eru hinar sömu og í framannefndum lögum frá 13. apríl 1894 um samþyktir til að friða skóg og mel; þar sem ráðstafanir þær, sem ræðir um í lagafrumv. þessu, eru framkvæmdar á kostnað landssjóðs, þykir eðli-

legast að þær renni þangað. Loks skal þess getið, að ekki hefur þótt ástæða til að fella nýnefnd samþyktaög úr gildi, því þau geta vel gilt jafnframt þessum lögum.

